

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar,
prestshjóna að Desjarmýri og Hjaltastað.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1945 af börnum nefndra hjóna á aldarártíð þeirra (sbr. „Aldarminning og niðjatal“ - Rvk. 1945).

1. Heimili sjóðsins er á skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) hverju sinni, í upphafi að Bakka 3, Djúpavogi.
2. Höfuðstóll sjóðsins er upprunalegt stofnfé, að viðbættum fjármunum skv. liðum 3 og 4.
3. Áunnir viðlagðir vextir og minningargjafir.
4. Dánargjöf Guðmundar Stefánssonar, f. að Desjarmýri 19. september 1881, d. í Minneapolis 21. ágúst 1959.
5. Höfuðstóll minningarsjóðsins í ársbyrjun 2011 er skv. ofanrituðu, að frádregnum úthlutunum fyrri ára, kostnaði við auglýsingar og uppgjör frá upphafi, kr. 5.437.387.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum bankainnstæðna og gjöfum, sem berast kunna.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, svo og tekjur hans aðrar, skal ávaxta í bönkum/banka með ríkisábyrgð.

4. gr.

Sjóðurinn var upphaflega í vörslu og undir umsjá sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Við endurskoðun þessa er hann kominn undir umsjá stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, kt. 560276-0289, sem yfirtók verkefni héraðsnefndar Múlasýslna. Héraðsnefndin hafði yfirtekið verkefni sýslunefndar Norður-Múlasýslu á sínum tíma, þegar sýslunefndir voru lagðar niður. Ákvörðun um styrkveitingar skal taka á lögsmætum stjórnarfundum í SSA, þar sem fyrir liggja gögn vegna umsókna í sjóðinn.

Í stjórn sjóðsins sitja sömu menn og í aðal- og varastjórn SSA (7 + 7), en þeir eru kosnir á aðalfundi SSA ár hvert, skv. núgildandi samþykktum SSA, (frá september 2008).

5. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins má verja allt að 9/10 hlutum samkvæmt því er segir um tilgang hans í næstu grein. Aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstól.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsfólki búsettu á Austurlandi styrki til háskólanáms.

7. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum skal standa á heilu þúsundi. Veita skal eigi fleiri en 6 styrki úr sjóðnum ár hvert. Það sem umfram er af handbæru fé og stjórn SSA þykir ekki ástæða til að úthluta, skal leggja við höfuðstól.

8. gr.

SSA skal auglýsa árlega í austfirskum auglýsingamiðli og eftir atvikum á heimasíðu sinni eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, með tilgreindum skilyrðum, sbr. 6. gr.

9. gr.

Auglýsingakostnaður og önnur bein útgjöld vegna sjóðsins greiðast af vaxtatekjum.

10. gr.

Styrkveitinga skal getið á heimasíðu SSA með aðgengi að fundargerðum stjórnar SSA, auk þess sem öllum umsækjendum skulu berast bréflaga upplýsingar um afgreiðslu umsókna. Þar skal og birta breytingar, sem gerðar kunna að verða á skipulagsskrá þessari.

Reikningsár sjóðsins er hið sama og hjá SSA eða almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins, endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum, skulu árlega birtir á formi sem Ríkisendurskoðun gefur út og lúta reglum er um slíka sjóði gilda. Skulu ársreikningarnir hljóta afgreiðslu stjórnar SSA samhliða umfjöllun um ársreikninga SSA.

11. gr.

Endurskoðun skipulagsskrárinnar er unnin í samræmi við svohljóðandi texta frá sýslunefnd Norður-Múlasýslu dags. 24. júlí 1961: „Að fimmtíu árum liðnum frá staðfestingu skipulagsskrár þessarar er sýslunefnd heimilt, með samþykki hlutaðeigandi stjórnvalda, að gera breytingar á 6. grein hennar“.

Árlegur aðalfundur SSA getur hér eftir, hvenær sem er, endurskoðað skipulagsskrána, sé þess getið í fundarboði, fylgi með fundarboði skriflegar tillögur að breytingu(m), og lúti afgreiðsla málsins sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum SSA.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast þegar gildi, er hún hefur hlotið staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 145, frá 24. júlí 1961.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 20. september 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.